



Forsætisráðuneytið  
Sent í samráðsgátt stjórnvalda  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík: 15. mars 2021

## Efni: Umsögn ASÍ í samráðsgátt um stefnu Íslands um gervigreind

Alþýðusamband Íslands skilar hér inn umsögn um áform stjórnvalda um mótun stefnu hvað varðar gervigreind og áhrif hennar á samfélagið. Ljóst er að gervigreind hefur nú þegar mikil og vaxandi áhrif á daglegt líf. Notkun gervigreindar og innleiðing hennar þarf að vera með samfélagslega hagsmuni að leiðarljósi og að öllum verði tryggður jafn réttur til að móta samfélag framtíðarinnar.

Það er ekki sjálfgefið að tækniframfarir og notkun gervigreindar og algríma leiði til ábata fyrir ólíka hópa samfélagsins, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Forsætisráðuneytið<sup>1</sup> hefur kortlagt áhrif tæknibreytinga á störf og er ein af niðurstöðunum sú að sjálfvirknivæðing er talin líklegri í störfum sem krefjast grunnmenntunar. Því verður stefnumótun stjórnvalda að taka mið af því hvernig koma eigi til móts við þá hópa sem missa vinnu eða sem upplifa breytingar á vinnu sinni vegna sjálfvirknivæðingar og gervigreindar. Með réttlátum umskiptum (e. Just transition) er mögulegt að tryggja að allir hópar hafi tækifæri til að njóta ábata af breytingum, þar á meðal breytingum sem kunna að hafa tímabundin neikvæð áhrif. Hugmyndafræðin um réttlát umskipti hefur það að leiðarljósi að enginn verði skilinn eftir í samfélagslegum umskiptum (t.d. í viðbrögðum við hnattrænni hlýnun).

Áhrif gervigreindar og tæknibreytinga verða víðtækari en einungis kemur fram í breytingu á fjölda eða samsetningu starfa. Sum þessara áhrifa eru þegar byrjuð að hafa áhrif á meðan önnur eru ófyrirséð og erfitt að kortleggja. Megin leiðarljós stjórnvalda við stefnumótun á að vera jöfnuður og að allir hafi jöfn tækifæri til að njóta þess ábata sem til verður við tæknibreytingar. Það felur í sér að stjórnvöld þurfa að þróa félagsleg kerfi þannig að þau styðji við réttlát umskipti. Hér þarf sérstaklega að beina sjónum að menntakerfinu, atvinnuleysistryggingum og velferðarkerfinu og tryggja að kerfin styðji við færniþróun og virkni yfir allan starfsaldurinn.

### Ójöfnuður í stafrænum heimi

Nefnd forsætisráðuneytisins um gervigreind mun skoða samfélagsleg áhrif gervigreindar úr ólíkum áttum en töluverð áhersla verður lögð á innleiðingu og hagnýtingu atvinnulífs á gervigreind. Ljóst er að ekki er tryggt að ábati af innleiðingu tækniframfara skili sér til allra hópa samfélagsins.

Raunveruleg hættu er á því að rafrænir innviðir verði á höndum fárra, sem aftur ýtir undir ójöfnuð. Brýnt er að nefndin horfi til þess hvernig tæknibreytingar hafa áhrif á samkeppni og samþjöppun bæði eigna og valds. Eru stofnanir og regluverk tilbúin að takast á við áskoranir sem fælust í einokun eða

<sup>1</sup> Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Framtidarnefnd/Fjorda-idnbyltingin-skyrsla.pdf>



fákeppni með rafræna innviði og tryggja að notkun fyrirtækja á gervigreind og algrímum, t.d. við verðákvarðanir, samrýmist heilbrigðri samkeppni?<sup>2</sup>

### Vinumarkaðurinn tekur breytingum

Stór hluti velferðarkerfisins byggir á því að tryggingagjald sé greitt sem skapi einstaklingum afkomuöryggi<sup>3</sup>. Þrýstingur á hlutavinnu og þættingu starfa niður í verkefni getur veikt tekjustofna viðkomandi kerfa og veikt afkomuöryggi vinnandi einstaklinga. Tæknibreytingar kalla því á endurmat og endurskoðun á hugmyndum um atvinnu og atvinnuöryggi, laun og önnur starfskjör og allt velferðarkerfið sem tengist vinnumarkaðinum. Í sögulegu samhengi er hér ekki um nýja tegund af áskorunum að ræða, heldur nýjar birtingarmyndir. Barátta launafólks í nútímasögunni fyrir bættum kjörum hefur að stórum hluta snúist um stöðugt ráðningarsamband og þar af leiðandi afkomuöryggi<sup>4</sup>.

Ein birtingarmynd harkvinnu tengist vexti tengi- og verkefnahagkerfisins<sup>5</sup>. Vefsíður og snjallsímaforrit auka fjarlægð launafólks frá atvinnurekanda og minnka þörf á eiginlegum vinnustað þar sem fólk getur skipulagt sig og ráðið sínum ráðum. Undanfarin ár hafa þessi tengi- og verkefnahagkerfi (e. platform-/ gig economy) vaxið mjög hratt og ekki er að sjá að lát sé á því. Það sem áður voru verkefni unnin af einstaklingum í föstu ráðningarsambandi eru nú verkefni unnin af einstaklingum sem bjóða fram þjónustu sína sem er aðgengileg á vefsíðum og snjallsímaforritum. Langflest fyrirtækin sem halda úti framangreindum vefsíðum og forritum líta eingöngu á sig sem miðlara verkefna en ekki atvinnurekendur sem beri ábyrgð gagnvart starfsfólkinu sem veitir þjónustuna. eru því reknir tugir dómsmála á ári hverju um alla Evrópu þar sem einstaklingar láta reyna á sína stöðu gagnvart slíkum fyrirtækjum, en lagaleg staða einstaklinga, þ.e. hvort aðili sé verktaki eða launamaður, getur skipt miklu t.d. varðandi ýmiss vinnuréttarleg réttindi sem og stöðu í almennum og opinberum tryggingakerfum<sup>6</sup>.

### Tryggja þarf menntun alla starfsævina<sup>7</sup>

Nýleg rannsókn á fullorðinsfræðslu í OECD ríkjunum bendir til þess að full þörf sé á að kortleggja símenntun og fullorðinsfræðslu á Íslandi. Niðurstöður OECD benda til þess að einstaklingar í störfum sem líklegt er að verði sjálfvirkjuð séu mun ólíklegri til að þróa eða uppfæra færni sína. Einstaklingar með litla menntun og færni eru mun ólíklegri til að sækja sér fræðslu heldur en einstaklingar með meiri menntun og færni. Sömu niðurstöður sjást hjá öðrum hópum, m.a. hjá þeim sem eldri eru, fólki í hlutastörfum og atvinnulausum<sup>8</sup>.

Skýrslur og rannsóknir sem reynt hafa að ná yfir áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar eru ekki alltaf á einu máli um umfang og áhrif tæknibreytinga. Þær eru þó á sama máli um að sí- og endurmenntun muni leika lykilhlutverki í að draga úr neikvæðum áhrifum tæknibreytinga. Jafnframt hefur verið bent á að fylgni sé á milli fullorðinsfræðslu og aukinnar nýsköpunar<sup>9</sup>. Símenntun og færniþróun eru einnig í

<sup>2</sup> Sjá t.d. [https://one.oecd.org/document/DAF/COMP/WD\(2017\)41/en/pdf](https://one.oecd.org/document/DAF/COMP/WD(2017)41/en/pdf)

<sup>3</sup> Sjá nánar greinargerð ASÍ til Framtíðarnefndar Alþingis, [https://www.asi.is/media/317094/greinargerð\\_framtid\\_asi\\_final.pdf](https://www.asi.is/media/317094/greinargerð_framtid_asi_final.pdf)

<sup>4</sup> Sjá t.d. [https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---dgreports/---dcomm/documents/publication/wcms\\_534115.pdf](https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---dgreports/---dcomm/documents/publication/wcms_534115.pdf)

<sup>5</sup> Sjá <https://www.eurofound.europa.eu/publications/report/2018/employment-and-working-conditions-of-selected-types-of-platform-work>

<sup>6</sup> Sjá nýlegan dóm um starfsmenn Uber, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/nyr-domur-bilstjorar-uber-eru-launamenn/>

<sup>7</sup> Sjá nánar greinargerð ASÍ til Framtíðarnefndar Alþingis, [https://www.asi.is/media/317094/greinargerð\\_framtid\\_asi\\_final.pdf](https://www.asi.is/media/317094/greinargerð_framtid_asi_final.pdf)

<sup>8</sup> Sjá skýrslu OECD, „Getting skills right: Future-Ready Adult Learning Systems“

<sup>9</sup> Sjá „Adult Learning, Adult Skills and Innovation“ á <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1111/ejed.12175>



forgrunni við stefnumótun m.t.t. til tæknibreytinga og innleiðingar gervigreindar í flestum Evrópuríkjum<sup>10</sup> og fá ítarlega umfjöllun í skýrslu nefndar Finnsku ríkisstjórnarinnar um gervigreind<sup>11</sup>.

ASÍ telur brýnt að farið verði í gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi fullorðinsfræðslu hér á landi og að kerfi verði samræmt betur þannig að litið verði á færniþróun yfir alla starfsævina hvort sem um er að ræða starfandi, atvinnuleitendur eða einstaklinga utan vinnumarkaðar. ASÍ fagnar að nefndin ætli sér að taka fullorðinsfræðslu til skoðunar en óskar jafnframt eftir að eiga frekara samtal og samstarf um þá yfirferð.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit  
Hagfræðingur

Eyrún Björk Valsdóttir  
Sviðsstjóri, fræðslu og þekkingar

---

<sup>10</sup> Sjá samantekt, “AI watch, national strategies on artificial intelligence: European perspective in 2019“  
<https://op.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/1ff59ed4-5914-11ea-8b81-01aa75ed71a1/language-en>

<sup>11</sup> Sjá [https://julkaisut.valtioneuvosto.fi/bitstream/handle/10024/160980/TEMjul\\_21\\_2018\\_Work\\_in\\_the\\_age.pdf](https://julkaisut.valtioneuvosto.fi/bitstream/handle/10024/160980/TEMjul_21_2018_Work_in_the_age.pdf)